

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. mars 2009 02-2009030790
T-ums 18/09

Alþingi
Erindi nr. P 136/1480
komudagur 25.3.2009

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs - 419. mál, þskj. 712.

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. mars 2009 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs - 419. mál, þskj. 712.


Í greinargerð með tillögunni kemur fram að hún sé framlag Framsóknarflokksins til þess að ráðist verði í aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda íslenskra heimila og atvinnulífs og skapa forsendur til endurreisnar efnahagslífínu. Tillögurnar eru í 18 liðum og er þar m.a. að finna tillögu þess efnis að þeir sem eigi óskattlagðar eignir erlendis, sem ekki hefur verið gerð grein fyrir, verði gefinn kostur á að gefa þær upp og greiða af þeim skatta auk vaxta og hugsanlegrar sektar innan ákveðins frests. Um leið fari fram rannsókn á eignum Íslendinga erlendis og í kjölfarið verði þeir sem ekki gáfu upp skattskyldar eignir beittir viðurlögum. Þá er bent á að þessi leið hafi verið farin í Þýskalandi og Bretlandi.


Ríkisskattstjóri telur ekki ástæðu til að fjalla um aðrar tillögur en þá sem fjallar um óskattlagðar eignir erlendis. Er ástæða til að benda á að samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru eignir framtalsskyldar en ekki skattskyldar. Öðru máli gegnir um tekjur sem af eignunum stafa eða hugsanlega fást af þessum eignum hvort sem um er að ræða t.d. arð, vexti, söluhagnað, leigu eða þóknanir. Þær tekjur eru allar skattskyldar á Íslandi hjá þeim sem bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu skv. 1. og 2. gr. áður nefndra laga um tekjuskatt. Þá má og benda á að verði eignamyndum ekki skýrð með tilhlýðilegum hætti t.a.m. með tilvísun til tekna sem sætt hafa skattlagningu getur verðmæti eignarinnar sem slíkrar orðið andlag skattlagningar.

Ríkisskattstjóri telur því þingsályktunartillöguna vera áhugaverða hvað framangreindan lið varðar. Er líklegt að ef tillagan yrði samþykkt og viðeigandi lagabreyting gerð gætu skilað sér til Íslands fjármunir sem hingað til hefðu verið óskattlagðir. Þá er einnig líklegt að samþykkt tillögunar gæti verið hvati til að aðilar féllu frá undanskoti tekna með þessum hætti og þannig átt þátt í að skattasiðferði myndi batna.

Ríkisskattstjóri mælir því með samþykkt þingsályktunartillögunnar, hvað þennan lið varðar en tekur ekki afstöðu til annarra atriða.

Virðingarfyllst


Guðrún J. Jónsdóttir


Skúli Eggert Þorðarson